Denni – von mannkynsins?

Síðan **Indriði G. Þorsteinsson** kom á Tímann til að leggja línuna hafa verið tekin þar upp vinnubrögð sem um margt eru skondin. En það sem einkennir blaðið þó mest er hin yfirgengilega foringjadýrkun. Þeir **Steingrímur** og ***Halldór*** *mega varla ganga* yfir götu eða hnerra í þriggja manna hópi öðruvísi en að allt heila klabbið sé komið á forsíðu Tímans daginn eftir og oftast í leiðarann líka.

En sjaldan hefur Indriði hneigt sig jafn rækilega fyrir Denna og einn daginn nú í vikunni þegar leiðari Tímans hét: **„Von mannkynsins“** og hófst á orðunum: **„Steingrímur Hermannsson flutti ræðu...“**■

Dílararnir vildu engan díl

Eitt ónefnt vikublað – gjarnan bendlað við æsifréttamennsku hefur átt frekar erfitt uppdráttar undanfarið: Fréttaflutningurinn þykir ekki mikið spennandi, „gömlu haukarnir“ hverfa á brott hver á fætur öðrum og þar fram eftir götunum. Semsagt: Harðlífisfréttamennskan hefur verið alls ráðandi. En nú stóð til að hrista af sér slenið: fara ofan í saumana á eiturlyfjamarkaðinum í eitt skipti fyrir öll. Ekkert skyldi til sparað því nú áttu lesendurnir að taka við sér aftur.

Og þess vegna þurfti náttúrlega viðtal við einhvern af háköllunum í þessum bransa – viðtal við einhvern hinna stóru sem standa í innkaupum og dreifingu.

Útsendarar vikublaðsins ónefnda brugðu sér m.a. á einn ágætan veitingastað í borginni sem hefur það orð á sér að þangað komi margir af helstu kaupsýslumönnum á þessu sviði. Okkar menn létu mannalega eins og hæfði og gáfu sig á eintal við nokkra kaupahéðna. Viðtal, sögðu þeir, við viljum krassandi viðtal. Dílararnir hristu hausinn yfir þessari málaleitan og kom fyrir ekki þótt þeim byðist dágoð summa: 350.000 krónur fyrir viðtalið! Engin alminlegur díler, sagði einn dílerinn, lætur hafa sig útí sona lagað... Og, bætti hann við með óljóst bros á vör, – þá myndi hann bara gera það til að ræna ykkur...


Útsendarar vikublaðsins hurfu frekar rislágir á braut og úttektin um eitrið er ekki komin ennþá.■

Dægurmáladeild

Ríkisútvarpið ætlar ekkert að gefa eftir í útvarpsstöðvastríðinu. Í vetur verður bryddað upp á ýmsum nýjungum, einkum á Rás 2.

Búið er að ákveða að stofna „Dægurmáladeild“ sem á að hafa umsjón með morgunútvarpi Rásarinnar og sérstöku síðdegisútvarpi, ekki ósvipað því sem **Hallgrímur Thorsteinsson** hefur stýrt af myndugleik á Bylgjunni.

Til þess að stjórna þessum breytingum á Rásinni og halda utan um dægurmáladeildina er enginn annar mættur til leiks á ný hjá gömlu gufunni en **Stefán Jón Hafstein** sem alið hefur manninn í Bandaríkjunum undanfarin misseri.■



Tími/Lystiskáli, gert í Malmö, 1985.

Myndlist

TÍMI


Rúrí sýnir á Kjarvalsstöðum

Tími – heitir myndlistarsýning sem Rúrí opnar nú um helgina að Kjarvalsstöðum. Þar er um að ræða tvö umhverfisverk, grafískar dókúmentasjónir, ljósmyndir og teikningar. Jafnframt hefur Rúrí látið prenta 40 síðna bók með litmyndum, sem geymir heimildir um þau verk sem hún hefur verið að vinna að heima og erlendis á undanförnum árum.

Tími, sem sýningin dregur nafn sitt af, byggist á fimm verkum, sem öll hafa verið áður á sýningum erlendis, í Malmö, Kaupmannahöfn og Helsinki. Ekkert þeirra hefur áður verið sýnt hér heima fyrr en nú. En Rúrí fékk boð um að taka þátt í stórum sýningum, þar sem áherslan var lögð á umhverfislist.

Þetta er sjöunda einkasýning Rúríar, hún hefur að auki tekið þátt í yfir 50 samsýningum í ellefu þjóðlöndum. Að loknu námi í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, stundaði hún framhaldsnám í Hollandi, þar sem hún m.a. stóð að rekstri gallerís LÓU í Amsterdam. Einnig hefur hún starfað að félagsmálum myndlistarmanna, var t.d. ein af stofnendum Nýlistasafnsins, tók þátt í skipulagningu sýningarinnar Experimental-environment, sem haldin var á Korpúlfsstöðum 1980. Er núverandi formaður Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Sýningin að Kjarvalsstöðum stendur til 11. október. Hún er opin alla daga frá kl. 14-22.

–ekj.



Rúst, gert í Kaupmannahöfn 1984. Listamaðurinn er með á myndinni.

Myndlist

Sigurður Örlygsson sýnir í galleríinu

Sigurður Örlygsson hefur opnað sýningu í Gallerí Svart á hvítu við Óðinstorg. Sigurður sýnir að þessu sinni 12 olíu- og akrílmálverk. Sigurður er fæddur í Reykjavík árið 1946, og stundaði nám við MHÍ á árunum 1967-71, og hélt síðan utan til náms.

Hann sótti Det Kongelige Danske Kunstakademi hjá prófessor Richard Mortensen. Eftir það fór hann til Ameríku og nam við Art Student Leauge of New York árin 1974-75. Sigurður hefur verið meðlimur í FÍM síðan 1973 og var formaður í eitt ár. Hann var einn af stofnendum og eigendum Gallerí Sólon Íslandus og Gallerí Gangskör. Þá var hann kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árin 1980-86. Helstu sýningar hans í Reykjavík eru Unuhús (71), Norræna húsið (72 og 76), Gallerí Sólon Íslandus (72), Kjarvalsstaðir (78), Djúpið (81), Asmundarsalur (84) og Kjarvalsstaðir (86). Hann hefur einnig tekið þátt í fjölda samsýningar. Þetta er því í fyrsta skipti sem Sigurður Örlygsson sýnir í Gallerí Svart á hvítu og fróðlegt að sjá, hvað hann hefur að segja veggjunum þeim.

Gallerí Svart á hvítu er opið frá 14-18 alla daga, nema mánudaga. Síðasti sýningardagur er 11. október.

–ekj.

Njóttu ferðarinnar!



Aktu eins og þú vilt að aðrir aki.

Góða ferð! UMFERÐAR RÁÐ